

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2559  
komudagur 19.5.2011



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 18. maí 2011  
1105020 IE

**Efni:** Umsögn um 727. mál, þskj. 1251, lþ.139, frv. til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit o.fl.)

Með tölvubréfi dags. 29. apríl 2011, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónustu), 727. mál, þskj. 1251, lþ. 139.

### Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa telur að rafrænt eftirlit geti verið heppileg viðbót við þá kosti sem hérlendis eru í boði varðandi afplánun refsivistar og styður það að rafrænt eftirlit verði heimilað.

Jafnréttisstofa vill einnig koma eftirfarandi á framfæri: Eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu skv. j. lið 3. mgr. 4. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 er að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi. Í ljósi þess leggur Jafnréttisstofa það til að skoðað verði hvort ástæða sé til að lögfesta heimild til rafræns eftirlits með þeim sem sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili. Jafnframt telur Jafnréttisstofa að skoða ætti það hvort hægt ætti að vera að dæma kynferðisbrotamenn, þ.á.m. þá sem framið hafa kynferðisbrot gegn börnum, til þess að sæta rafrænu eftirliti um lengri tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jafnréttisstofa hefur aflað sér koma kynferðisbrotamenn ekki til greina varðandi það að ljúka afplánun með þeim hætti sem lagt er til í þessu frumvarpi, þar sem slíkir geta ekki komist inn hjá Vernd. Jafnréttisstofa veltir því upp þeim möguleika að skoðað verði hvort hægt ætti að vera að dæma menn til að þola rafrænt eftirlit, jafnvel um nokkurra ára skeið. Slíkt gæti líklega helst átt við um kynferðisbrotamenn.




Jafnréttisstofa

Athugasemdir við einstaka greinar:

Varðandi b. lið 2. gr. frumvarpsins vill Jafnréttisstofa benda á nauðsyn þess að tryggja að skilyrði fyrir því að ljúka afplánun með rafrænu eftirliti séu þannig að bæði körlum og konum standi þessi kostur til boða, að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum. Í skýringum með greininni kemur fram að eitt af skilyrðum fyrir rafrænu eftirliti er að viðkomandi fangi hafi dvalið á Áfangageimilinu Vernd. Tryggt þarf að vera að bæði konur og karlar hafi sama aðgang að Vernd (eða sambærilegu heimili) og viðunandi og sambærilega aðstöðu þar.

Óski nefndin frekari upplýsinga eða skýringa, þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elfasdóttir lögfræðingur